

Mál nr. 27/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila: V1 og V2

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Sönnun tjónsatviks. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot dags. 24. janúar 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 2. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur V2 dags. 7. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, sem vátryggð var hjá V1, hafi tilkynnt lögreglu um árekstur við bifreið B, sem vátryggð var hjá V2, og afstungu ökumanns hennar hinn 3. nóvember 2022 í hringtorgi við Álafosskvos í Mosfellsbæ. Í lögregluskýrslu sem gerð var í kjölfarið kemur fram að M kvaðst hafa ekið bifreið A inn í hringtorgið á vinstri akrein þegar hún heyrði bremsuhljóð fyrir atfan sig og bifreið B á hægri akrein þannig að þeirri bifreið hafi verið ekið í hlið bifreiðar A og síðan áfram austur Vesturlandsveg. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekki hafa orðið var við að hafa lent í árekstri á þessum degi en viðurkennir að hafa verið að keyra í Reykjavík og verið með tónlist hátt stillta í bifreiðinni. Sérstök athugun var gerð af hálfu lögreglu sem og fyrirtækinu Aðstoð&Öryggi sem sýna að tjón á báðum bifreiðum passa saman miðað við hæð.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri ábyrgð á því tjóni sem varð á bifreið A við árekstur og telur gögn málsins sýna að árekstur átti sér stað, ákomur passi saman og að M hafi ekið á eftir bifreið B til að ná skráningarnúmeri hennar þegar tjónið átti sér stað. M telur að ökumaður bifreiðar B geti ekki komið sér hjá ábyrgð með því að geta ekki gefið upplýsingar um hvar hann var að aka á tjónsdegi.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur sannað með vísan til rannsóknarskýrslu frá Aðstoð&Öryggi ehf. að bifreið B hafi verið ekið á bifreið A, ákomur á bifreiðunum samsvari því og álit rannsakanda sé þess efnis. Einnig hafi M, sem ökumaður bifreiðar A, veitt bifreið B eftirför til að ná bílnúmeri og tilkynnt um atvikið til lögreglu án tafar.

V2 gerir ekki efnislegar athugasemdir við málskot.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi ekki fengið viðurkennda bótaskyldu vegna tjóns á bifreið A úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2. Engar efnislegar röksemdir liggja fyrir af hálfu V2 vegna slíkrar synjunar en af málskoti má helst ráða að það byggist á því að ekki sé sannað að það hafi verið bifreið B sem ók á bifreið A hinn 30. nóvember 2022 þannig að skemmdir hlutust af.

Í lögregluskýrslu kemur skýr fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, tilkynnti strax um atvikið til lögreglu og ók á eftir bifreið B til að ná bílnúmeri. Strax var haft samband við eiganda bifreiðar B og leigutaka bifreiðarinnar í kjölfarið. Rannsókn á ákomum á bifreiðunum í fyrrnefndri skýrslu frá Aðstoð&Öryggi sýnir að ákomur á bifreiðunum passa saman. Með vísan til þessara sönnunargagna telst nægilega leitt í ljós að bifreið B hafi ekið utan í bifreið A í hringtorgi við Álafosskvos í Mosfellsbæ hinn 30. nóvember 2022 og að M eigi rétt á að fá tjón á bifreið A bætt úr ábyrgðartryggingu bifreiðar B hjá V2.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins B hjá V2 vegna tjóns á bifreiðinni A.

Reykjavík, 18. apríl 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir